

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. júlí 2015 | 30. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

SVANSMERKIÐ
SÍÐAN 2000!



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

HÓTELKVÓTAR Í REYKJAVÍK

→ Það er ekki hægt að treysta á ferðamannastrauminn.

→ Ferðapjónusta getur orðið fráhrindandi ef hún fléttast ekki eðlilega inn í þjónustu fyrir íbúa.

→ Aukning á hótélrýmum hefur verið minni en vöxtur í fjölda ferðamanna á undanförunum árum.

SÍÐA 4

250 milljóna króna hagnaður

Hagnaður lögmannsstofunnar BBA Legal nam 250 milljónum á síðasta ári. Það er nánast tvöfalt meira en árið á undan þegar hann var 134 milljónir. Ástæðuna má einkum rekja til þess að tekjur af seldri þjónustu jukust verulega á árinu 2014. Þær voru 685 milljónir í fyrra en tæpar 524 milljónir árinu á undan. → SÍÐA 2

Spilaði fótbolta í New York

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri Advania í byrjun mánaðar.

Ólíkt mörgum fjármálastjórum er Eva ekki viðskiptafræðingur að mennt. „Ég tók bæði BS og MS í fjármála- verkfræði í Columbia University í New York og var með hagfræði sem auka- grein. Ég flutti svo strax heim eftir nám og fór að vinna hjá Kaupþingi þar sem ég hafði verið í sumarstarfi á meðan ég var í náminu úti,“ segir Eva Sóley, en hún bjó í New York á árunum 2001-2006. → SÍÐA 5



Kínversk bréf í frjálsum falli

Hrun á gengi hlutabréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár, eða frá í febrúar 2007. Gengið hélt svo áfram að lækka í gær. Wall Street Journal segir að hundruð milljarða dollara hafi hreinlega þurrkast út. Efasemdir séu um aðgerðir stjórnvalda í Kína til þess að virkja markaðinn. Sjanghaí-úrvalsvisitalan, sú stærsta í Kína, féll um 8,5 prósent á mánudaginn. → SÍÐA 5

STJÓRNAR-
MADURINN

@stjornarmadur

Kína hefur árum saman verið framleiðsluland og séð Evrópu og Bandaríkjunum fyrir varningi á áður óþekktu verði.

→ SÍÐA 8



Ray-Ban

Ray-Ban®
fyrir helgina

20% afsláttur

RayBan umboðið á Íslandi

Optical Studio

SMÁRALIND • KEFLAVÍK

Er ástæða til að verðlauna íslenska bankastjórnendur?

Skjóðan

Í NÝBIRTRI álagningarskrá skattstjóra kemur fram að laun þeirra bankamanna sem voru í tekjublaði Frjálsrar verslunar hækkuðu um 200 þúsund á mánuði eða rösklega 10 prósent. Mánaðartekjurnar fóru úr 1,9 í 2,1 milljón.

En þetta er ekki nóg. Bankamenn vilja meira. Starfsmenn Landsbankans fengu um árið hlut í bankanum sem umbun fyrir vel unnin störf við háþörkun eignasafna sem bankinn fékk á niðurstöðu verði út úr gamla Landsbankanum og nú vilja Íslandsbankamenn líka fá gefins hluta af sínum banka.

Í LANDSBANKANUM var hlutum deilt á milli allra starfsmanna en stjórnendur Íslandsbanka átta sig á að slík dreifing þynnir óttalega mikið út þann hlut

sem hver fær. Þess vegna eiga aðeins æðstu stjórnendur og stjórn bankans að fá kaupaukann. Þannig geta vel á annað hundrað milljónir runnið í vasa hvers og eins en ekki einhverjar skitnar par milljónir eins og yrði ef Landsbankaleiðin yrði farin. Þetta sér hver maður.

VÍSAD ER til hlutverks stjórnenda og stjórnar Íslandsbanka í tengslum við nauðasamninga (Glitnis væntanlega) annars vegar og sölu Íslandsbanka hins vegar til að réttlæta boðaðan kaupauka.

ÞAR FÓR í verra. Engir nauðasamningar liggja fyrir þrátt fyrir að slitaferli Glitnis hafi staðið í sjö ár og engin sala er í burðarlíðnum. Þessu til viðbótar má vitanlega nefna að æðstu stjórnendur Íslandsbanka og

stjórn bankans hafa nákvæmlega ekkert með nauðasamninga Glitnis að gera. Sama gildir um mögulega sölu á Íslandsbanka – hún er alfarið á forræði eigenda bankans, sem eru kröfuhafar Glitnis og svo íslenska ríkið með 5 prósent hlut.

MIKILL hagnaður bankanna frá hrúni byggist á því að ávinningur af þeirri endurreisn hagkerfisins sem orðin er hefur að verulegu leyti runnið til bankanna í formi gríðarlega hárra vaxta og uppreiknaðra lána heimila og fyrirtækja, sem bankarnir fengu á niðurstöðu verði.

ÞAD ER auðvelt að reka banka, sérstaklega í verðtrygguðum umhverfi. Stjórnendur verða að passa upp á þrennt; aðeins að lána þeim sem eru líklegir til að borga til baka, hafa

hærrí vexti á útlánum en innlánum og halda öllum kostnaði í lágmarki, t.d. ekki byggja monthallir. Íslenskir bankamenn virðast bara skilja eitt af þessum þremur atriðum.

HVERGI í heiminum er vaxtamunur meiri og óvíska fyrirfinnst dýrara bankakerfi. Erlendis tíðkast almennt ekki að greiða stjórnendum eða starfsmönnum viðskiptabanka kaupauka. Ástæða þessa er sú að viðskiptabankar eiga ekki að hámarka gróða heldur veita trausta og ódýra þjónustu. Ástandið á dýrasta bankamarkaði í heimi gefur ekki tilefni til að verðlauna stjórnendur íslenska bankakerfisins sérstaklega.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLÉID
Félög sem hækkuðu í verði

5
Á NIÐURLEID
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI
133,2% frá áramótum

SJÓVÁ
5,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TM
-19,4% frá áramótum

BANKNORDIK
-10,5% í síðustu viku

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Víkubreyting
Bank Nordic (DKK)	111,00	6,7%	-10,5%
Eik fasteignafélag*	6,91	1,6%	1,3%
Eimskipafélag Íslands	228,00	-3,8%	0,7%
Fjarskipti (Vodafone)	40,45	15,6%	2,4%
Hagar	36,15	-10,6%	-3,3%
HB Grandi	41,70	23,4%	0,0%
Icelandair Group	25,85	20,8%	3,0%
Marel	197,00	42,8%	2,7%
N1	40,20	73,3%	1,9%
Nýherji	12,08	133,2%	-3,3%
Reginn	15,85	17,0%	1,0%
Reitir*	69,25	8,4%	0,7%
Sjóvá	11,75	-1,7%	5,5%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-19,4%	-0,9%
Vátryggingafélag Íslands	8,40	-7,2%	0,0%
Össur	485,00	34,3%	-3,2%
Úrvalsvísitalan OMX18	1.525,68	13,8%	-2,3%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	28,70	27,0%	9,5%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Kalkþörungavinnsla hefjist á Súðavík

Framkvæmdir við stærstu kalkþörungaverksmiðju landsins gætu hafist á Súðavík innan þriggja ára. Yfir milljarð kostar að reisa verksmiðjuna. Áætlað að um tuttugu ný störf skapist. Til skoðunar er að reisa aðra verksmiðju í Stykkishólmi.

VIÐSKIPTI Íslenska kalkþörungafélagið hyggst reisa stærstu kalkþörungaverksmiðju landsins í Súðavík. Stefnt er á að framkvæmdir við verksmiðjuna hefjist eftir tvö og hálf til þrjú ár. Um tuttugu manns muni starfa í verksmiðjunni.

Sækja á 120 þúsund rúmetra af kalkþörungum árlega fyrir vinnslu í verksmiðjuna við Æðey og Kaldalón í Ísafjarðardjúpi. Kalkþörungana verður nær helmingi meira en í einu kalkþörungaverksmiðju landsins sem Íslenska kalkþörungafélagið rekur á Bíldudal.

Áformin eru þó háð umhverfismati hjá Umhverfisstofnun. Sigurður R. Helgason, stjórnarformaður Íslenska kalkþörungafélagsins, á þó ekki von á öðru en að Umhverfisstofnun leggi blessun sína yfir starfseminna.

Sigurður telur verksmiðjuna geta haft afar jákvæð áhrif á atvinnulíf við Ísafjarðardjúp. „Sérstaklega þar sem byggðarþróun hefur ekki verið upp á það besta á þessu svæði,“ segir Sigurður.

Verksmiðjan er enn á



VERKSMIÐJAN Svona gæti verksmiðjan á Súðavík litið út. Kalkþörungana verður nær helmingi meira en í kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal.

hönnunarstigi. Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, segir að fjárfestingar vegna verksmiðjunnar á Bíldudal hafi numið átta milljónum evra, tæplega 1,2 milljörðum króna. Gera megi ráð fyrir öðru eins vegna nýju verksmiðjunnar í Súðavík.

Þá hefur Marigot Ltd., móðurfélag Íslenska kalkþörungafélagsins, hug á blautþörungavinnslu í Stykkishólmi og vinnur

nú að hagkvæmnikönnun vegna þess. Þau áform eru þó komin skemmra á veg en fyrirhuguð verksmiðja í Súðavík að sögn Sigurðar.

Kalkþörungur eru m.a. nýttir í fóður fyrir húsdýr, til vatns-hreinsunar og í bætiefni til mannelis. Sigurður segir afurðir kalkþörungafélagsins vera seldar um allan heim, m.a. ofan í úlfalda í Sádi-Arabíu og til Ástralíu.

ingvar@frettabladid.is

Dagatal viðskiptalífsins **keldan** dagatal viðskiptalífsins

- MIÐVIKUDAGUR 29. JÚLÍ**
Marel – Uppgjör annars ársfjórðungs 2015
- FIMMTUDAGUR 30. JÚLÍ**
Hagstofan – Kjötframleiðsla í júní 2015
- FÖSTUDAGUR 31. JÚLÍ**
Hagstofan – Verðmæti sjávaraflla janúar-apríl 2015
Hagstofan - Vöruskipti við útlönd, janúar til júní 2015

ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST
Þjóðskrá Íslands – Íslyklar og inn-skráning á Ísland.is

MIÐVIKUDAGUR 5. ÁGÚST
Þjóðskrá Íslands – Fasteigna-markaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

THE NAVSUP FLEET LOGISTICS CENTER NORFOLK

The NAVSUP Fleet Logistics Center Norfolk intends to negotiate a Firm Fixed Price contract for Information Technology Support Services at the Naval Radio Transmit Facility in Grindavik, Iceland.

This work includes operations and maintenance of the site. In order to be eligible for award, the offeror shall be a qualified Icelandic enterprise.

For solicitation information, including full details on the contract scope, contact Caitlin King via email at caitlin.king@navy.mil - <mailto:caitlin.king@navy.mil>.

Tekjur lögmansstofunnar BBA Legal jukust um 120 milljónir milli ára og námu samtals 685 milljónum:

Hagnaður eykst um 87 prósent

Hagnaður lögmansstofunnar BBA Legal nam 250 milljónum á síðasta ári. Það er nánast tvöfalt meira en árið á undan þegar hann var 134 milljónir. Eykst hagnaðurinn því um 87 prósent á milli ára.

Ástæðuna má einkum rekja til þess að tekjur af seldri þjónustu jukust verulega á árinu 2014. Þær voru 685 milljónir í fyrra en tæpar 524 milljónir árinu á undan.

Hluthafar í BBA Legal eru átta talsins. Fjórir stærstu eigendurnir eiga tæpar 18,4 prósent.

Eftirtaldir aðilar eiga hlut í BBA Legal:

- Ásgeir Á. Ragnarsson
- Baldvin Björn Haraldsson
- Bjarki Diego
- Einar Baldvin Árnason
- Katrín Helga Hallgrímsdóttir
- Atli Björn Þorbjörnsson
- Höskuldur Eiríksson
- Antoine Lochet



EINN EIGENDA Bjarki Diego, sem áður var framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, er á meðal eigenda BBA Legal. FRETATABLADIÐ/ERNIR

- jhh

SKÓLATILBOÐIN ERU KOMIN!

TOSHIBA

ASUS

acer



10 BESTU ÁSTÆÐURNAR FYRIR AÐ KAUPA SKÓLATÖLVUNA Í TÖLVULISTANUM

1. LÆGRA VERÐ VEGNA MAGNKAUPA.

Sem stærsta tölvuverslanakeðja landsins með mikinn fjölda viðskiptavina náum við hagstæðari innkaupum og lægri verðum. Skólatíminn hentar því vel til að endurnýja fartölvuna fyrir skólann eða heimilið.

2. MESTA FARTÖLVUÚRVAL LANDSINS.

Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af fartölvum á lægra verði frá fjórum af sterkustu tölvuframleiðendum heims – Toshiba, Asus, Apple og Acer.

3. VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í FARTÖLVUM.

Það skiptir miklu máli að versla fartölvuna þar sem hægt er að fá snögga þjónustu hjá sérfræðingum ef eitthvað kemur upp á. Starfsmenn okkar eru sérþjálfaðir með mikla reynslu í að leysa tæknileg vandamál hratt og vel.

4. SKÓLAFARTÖLVAN FRÍTT Á NÆSTA PÓSTHÚS.

Þú getur pantað í síma eða á netinu og við sendum þá fartölvu sem þú velur frítt á pósthús nærri þér.

5. GREIDDU 1. OKTÓBER MEÐ SKÓLAREIKNINGI NETGÍRÓ.

Nú getur þú verslað skólatölvuna með skólareikningi Netgíró og greitt hana þann 1. október. Aðeins 3,95% lántökugjald og kr. 195 færslugjald.

6. 0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI.

Skiptu greiðslum eins og þér hentar, vaxtalaust.

7. TRYGGINGAR OG AUKAÁBYRGÐ.

Fyrir mjög sanngjarnt verð getur þú keypt aukaábyrgð á fartölvuna þína eða tjónatryggingu án sjálfsábyrgðar.

8. UPPFÆRSLUTILBOÐ.

Fyrir skólann bjóðum við ótrúleg uppfærslutilboð SSD og vinnsluminni til að gera nýjar og notaðar fartölvur enn sprækari.

9. TRAUST ÁBYRGÐ.

Tölvulistinn hefur rekið öflugt þjónustuverkstæði í meira en 22 ár sem tryggir viðskiptavinum okkar faglega og skjóta ábyrgðar- og viðgerðarþjónustu.

10. VIÐ ELSKUM TÖLVUR OG GÓÐA ÞJÓNUSTU.

Þegar þetta tvennt fer saman þá leggjum við okkur alla fram um að þú finnr réttu tölvuna og fáir alla þá aðstoð sem þú þarft til þess að fartölvan þjóni þér sem best.



tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFLOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

Hversu mörg hótél eru of mörg hótél?

Árið 2018 er því spáð að tvær milljónir ferðamanna sækja Ísland heim. Mikil og hröð uppbygging hefur orðið í hótélgeiranum á Íslandi í samræmi við það. En hvað ber að varast í þeim efnum? Eru kvótar nauðsynlegir?

ÚTTEKT

Ólöf Skaffadóttir
olof@frettabladid.is



517 þúsund ferðamenn komu til landsins á fyrstu sex mánuðum ársins. Um er að ræða 28,7% fjölgun milli ára. Margar helstu ferðamannaborgir heims glíma við vandamál sem tengjast ferðabjónustu, þá sér í lagi hvar á að hýsa ferðamennina.

Henrik Thierlein, talsmaður Wonderful Copenhagen, samtaka sem vinna að þróun ferðabjónustu þar í borg, segir spurninguna sem brennur á allra vörum vera: hvernig græðir maður á túrismi, án þess að vera tekinn yfir af túrismi?

Í Barcelona búa 1,6 milljónir manna og yfir sjö milljónir manna heimsækja borgina árlega. Leigubílar og rútur hafa tekið yfir heilu hverfin. Minjagripaverslanir og barir hafa komið í stað smáverzlana og apóteka. Borgarstjóri Barcelona, Ada Colau, gaf nýlega út að engin leyfi verði veitt fyrir nýjum gistirýmum, hótélum, gistiheimilum eða leigubúðum fyrir ferðamenn í borginni í skamman tíma. En hvernig er staðan í Reykjavík?

„Áhyggjur af offjárfestingu í hótélbyggingum eru mjög skiljanlegar. Það er ekki hægt að treysta á ferðamannastrauminn og erfitt að nýta hótél til annars en að hýsa ferðamenn,“ segir Anna Hrefna Ingimundardóttir, hagfræðingur í Greiningardeild Arion banka, sem vann skýrslu sem ber heitið Hótélmarkaðurinn: Í ökkla eða eyra? fyrir Greiningardeild bankans. Skýrslan kom út í fyrra.

„En án fleiri hótela í Reykjavík hefðum við verið komin að þolmörkum í ferðabjónustu.“ Anna Hrefna segir að þrátt fyrir mikla uppbyggingu í hótélgeiranum undanfarið hafi nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu aukist og sé á við nýtingu í vinsælustu ferðamannaborgum Evrópu, ef ekki meiri.

„Árstíðasveiflan hefur líka minnkað umtalsvert.“

Áhættan er fjárfestanna

Hún segir það augljósan áhættuþátt ef dregur úr ferðamannastraumi.

„Þá gæti það komið niður á framlegð fyrirtækja í geiranum og gert þær framkvæmdir sem nú eru í gangi minna arðbærar. Þetta er breyta sem er afar erfitt að spá um.“ Hún segir tímann einan geta leitt í ljós hvort verið sé að offjárfesta í hótéluppbyggingu í Reykjavík. „Miðað við þróun ferðamannafjölda seinustu ár og nýtingu hótélherbergja eins og er, þá á slík fjárfesting sér mjög edlilegar skýringar. Verið er að mæta þörf sem er til staðar. Fjárhagslega áhættan er fyrst og fremst fjárfestanna þótt vissulega þurfi skipulagsfyrirvöld að vera meðvitund um staðsetningu hótélanna til að forðast álagpunkta eða skerðingu þjónustu fyrir íbúa þessara hverfa þar sem hótéluppbyggingin er mest.“

Fráhrindandi ferðabjónusta

Guðmundur Kristján Jónsson, skipulagsfræðingur og framkvæmdastjóri Borgarbrags ehf., segir mikilvægt í umræðu um hótéluppbyggingu að hafa í huga að miðborgin sé fjölsóttasti ferðamannstaður landsins. „Nýtingar-



HÓTELBYGGINGAR VIÐ ÞÓRUNNARTÚN – SLÍKAR FRAMKVÆMDIR MÁ SJÁ VIÐA UM BORGINA.

FRÉTTABLAÐID/GVA

DAGUR B. EGGERTSSON BORGARSTJÓRI:

Borgarstjóri segir það í skoðun að setja kvóta á byggingu hótela við Laugaveg og Hverfisgötu, líkt og var gert í Kvosinni og í Grjótaþorpi. Vinna af hálfu borgarinnar er hafin því til undirbúnings. Slíkir kvótar hafi áður verið notaðir í miðbænum og séu í gildi. „Árið 1998 þótti halla á verslun og þá var settur kvóti á bari og veitingastaði, en sá kvóti er enn við lýði.“



hlutfall hótélherbergja í Reykjavík er yfir meðallagi í alþjóðlegum samanburði. Raunar hefur fjölgun hótélrýma verið minni en vöxtur í fjölda ferðamanna á undanförunum árum. Þessum mismun hefur verið mætt með auknu framboði af gistirými í íbúðum sem valdið hefur hækkun á húsaleigu í miðborginni. Flestir greiningaraðilar eru á einu máli um að ferðamönnum á Íslandi muni halda áfram að fjölga á næstu árum og þar af leiðandi er full þörf á auknu framboði hótélherbergja.“

Hann segir að einsleit starfsemi af öllum toga geti hins vegar orðið áreksravaldr í borgarumhverfi. „Í sumum tilfellum skortir innviði, til dæmis bílastæði fyrir rútur, en oft á tíðum snýst þetta einnig um skort á tilitssemi. Ferðabjónusta getur orðið fráhrindandi ef hún fléttast ekki eðlilega inn í þjónustu fyrir íbúa. Það eru fjölmörg dæmi um þetta í miðborg Reykjavíkur, einkum í tengslum við akstur hópferðabifreiða og stórra ökutækja í þröngum miðbæjargötum. Komu og brottför ferðamanna um miðjar nætur fylgir einnig ónæði. Ferðamenn sækja í aðra þjónustu en íbúar og þar af leiðandi er hætta á að framboð á þjónustu breytist í samræmi við það. Svokallaðar lundabúðir, sem selja fyrst og fremst ull og minjagrip, eru gott dæmi um þetta,“ útskýrir Guðmundur.

Heimamenn gestir á eigin heimili

Hann segir að forsenda þess að gestum líði vel í borginni sé gestrisni heimamanna.

„Forsenda gestrisni er sú að séu ákveðin skil milli gestsins og gestgjafans. Það eru ótal óskrifadár reglur sem ber að hafa í huga í þeim efnum. Flest gerum við kröfu um að gestir hagi sér með ákveðnum hætti, þeir staldri hæfilega lengi við, sýni ákveðið þakklæti, og svo framvegis. Þegar rótgróin hverfi raskast vegna of margra hótela er hætt við umpólun á hlutverki gests og gestgjafa. Ferðamenn taka svæði yfir og heimamenn upplifa sig sem gesti á eigin heimili. Fjölmörg dæmi sýna að þegar þessi umpólun á sér stað er hætt við að staðarandi og gæði umhverfisins gjörbreytist.“

Hann segir fjölgun erlendra ferðamanna í miðborg Reykjavíkur þó hafa skapað sterkan grundvöll fyrir fjölbreyttri starfsemi. „Því fer fjarri að ferðamenn dvelji aðeins á nóttunni í Reykjavík. Þeir eyða að jafnaði allt að átta tímum á dag í almenningsrýmum borgarinnar á meðan á dvöl þeirra stendur. Flestir þeirra versla, fara á veitinga- og kaffihús, sækja söfn og stunda næturlíf.“

Litlar líkur á að Reykjavík verði draugabær

En hvað gerist ef Ísland dettur úr tísku, sem áfangastaður ferðamanna? Guðmundur segir hætt við ákveðinni hnignun. „Ekki ósvipaðri hnignun og í kringum 1970 þegar fjöldi fyrirtækja flutti úr miðborginni. Þjónustustigið hröflækkaði, auðum verslunarymum fjölgaði og til að mynda var Kaffi Mokka eina sjálfstætt


ANNA HREFNA INGIMUNDARDÓTTIR HAGFRÆÐINGUR:

„Nýtingin á heilsárhótélum í desember 2010 var 34,5% en jókst stöðugt upp í 70,5% í desember síðastliðnum þrátt fyrir nokkra fjölgun gistirýma á tímabilinu. Samkvæmt ferðabjónustuskýrslu Greiningardeildar Arion frá því í fyrra haust töldum við að það væri þörf á um 1.500 nýjum herbergjum í miðbænum þar til 2017 til að halda nýtingu í 70%, sem er mjög ásættanleg nýting í alþjóðlegum samanburði.“



GUÐMUNDUR KRISTJÁN JÓNSSON SKIPULAGSFRÆÐINGUR:

„Í miðborgum víða um heim eru settir svokallaðir starfsemiskvótar sem ætlað er að tryggja fjölbreytilega starfsemi á svæðum. Nærtæk dæmi um þetta eru kvótar í Kvosinni og Grjótaþorpinu sem kveða á um hámarks hlutfall gistingu. Í þessu tilfalli var hámarks hlutfallið ákveðið af 23% af öllum eignum á skilgreinda svæðinu og þar með sett þak á frekari hótéluppbyggingu. Hvort 23% sé gullna talan um hversu mörg hótél rúmast á sama svæði skal ósagt látið en talan segir okkur þó talsvert um hið raunverulega hlutfall gistirýma í miðborginni. Ef til vill er það ekki jafn hátt og umræðan gefur til kynna.“



starfandi kaffihúsið í miðborginni um dágóða hríð í kringum 1977.“

Hann segir mikilvægt að fjölga íbúum miðsvæðis til að forðast þessa þróun. „Það þarf að tryggja íbúabéttleika sem þarf til að styðja við verslun og þjónustu í miðborginni ef dregur úr ferðamannastraumnum. Aðalskipulag Reykjavíkur leggur áherslu á þessa byggðarþróun. Ef uppbyggingaráform borgarinnar ná fram að ganga eru litlar líkur á að miðborg Reykjavíkur verði draugabær þrátt fyrir sveiflur í ferðabjónustu.“ Hann segir borgaryfirvöld eiga að vinna sérstaka stefnu og úttekt um hótél og gistiastaði. „Það þarf að stýra gistirýmauppbyggingu með tilliti til íbúa jafnt sem ferðamanna.“

Skýr gæðastefna mikilvæg

Hann segir ekki síður mikilvægt að huga vel að byggingarlist og skipulagi. „Það þarf að setja skýra gæðastefnu á sviði hótéluppbygginga. Mannvirki og umhverfi skulu vera mótuð þannig að notagildi, ending og fegurð séu samofin í einu verki. Sem höfuðborg á

Reykjavík að vera leiðandi í þessum efnum. Dæmin sýna að þensla í byggingarframkvæmdum getur leitt til mistaka og minni gæða.“ Guðmundur segir bestu dæmin um hótélbyggingar sem falla vel inn í umhverfið oft byggingar, sem voru ekki byggðar sem hótél í upphafi. „Kex Hostel á Skúlagötu er gistiastaður sem bætir við nærumhverfi sitt sem og 101 Hótél við Hverfisgötu. Hótél Holt, Hótél Borg og Hótél Óðinsvé.“

Hann segir mannlífið sem fylgi ferðamönnum ómetanlegt. „Í fámönnum borgum er fjöldi ferðamanna forsenda fjölbreyttrar starfsemi. Það má læra af ferðamönnum, enda margir hverjir búsettir erlendis þar sem borgarmenning er þróaðri en hér.“

Hann segir hótéluppbyggingu einnig hafa orðið til þess að miðborgin stækkaði til vesturs, „Þannig endurheimtum við höfnina sem hluta af miðborginni. Svæðið frá Grandagarði að Hörpu er nú orðið framhald af verslunar-, veitinga- og viðburðaási miðborgarinnar, einkum með tilkomu Reykjavík Marina hótels við Tryggvagötu.“

Var fyrirliði skólaliðs í Columbia-háskóla

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir ákvað á dögunum að söðla um og færa sig frá Össuri yfir til Advania. Hún á að baki farsælan knattspyrnuferil og fékk skólalíf þegar hún hóf nám í New York.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri Advania í byrjun mánaðar. Hún hefur mikla reynslu úr atvinnulífinu. Var forstöðumaður á fjármálasviði hjá Össuri, en starfaði áður lengst af hjá Kaupþingi, síðast sem fjármálastjóri frá 2009-2011. Einnig hefur hún verið varaformaður bankaráðs Landsbankans frá árinu 2013. Þá á hún fjárfestingafélagið Íscap með vini sínum, Steinari Þór Guðgeirssyni.

Eva Sóley segist hafa ákveðið að stökkva á tækifærið hjá Advania, þótt starfið hjá Össuri hafi verið mjög áhugavert. „Þetta er spennandi fyrirtæki þar sem er mikið fram undan. Það er stefnt á markað á næstu árum og mikið að gerast hjá félaginu. Þannig að mér fannst þetta vera áhugaverð áskorun,“ segir Eva við Markaðinn.

Ólíkt mörgum fjármálastjórum, er Eva ekki viðskiptafræðingur að mennt. „Ég tók bæði BS og MS í fjármálaverkfræði í Columbia University í New York og var með hagfræði sem aukagrein. Ég flutti svo strax heim eftir nám og fór að vinna hjá Kaupþingi þar sem ég hafði verið í sumarstarfi á meðan ég var í náminu úti,“ segir Eva Sóley, en hún bjó í New York á árunum 2001-2006.

Eva spilaði mikið fótbolta á sínum

SAMVISKUSÖM OG ELDKLÁR



Kostirnir eru náttúrulega fyrst og fremst að hún er fljót að tileinka sér hlutina, er klár og vinnusöm. Þannig að hún er fljót að koma sér inn í hluti og leggur sig mikið fram. Helstu gallarnir eru náttúrulega þeir að hún getur ekkert í fótbolta. Ef ég þekki söguna rétt, þá skoraði hún sjálfsmark í sínum fyrsta landsleik. Það er ekkert hægt að nota slíka manneskju til að setja inn á í landsleik. Það væri því mjög gott ef hægt væri að auglýsa eftir því hvort einhver ætti myndband af því marki. Þá þætti manni vænt um að fá það.

Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður



Við höfum þekkt síðan við vorum táníngar. Við vorum í unglíngalandsliðinu saman og fórum þaðan í A-landsliðið, vorum í Verzló og fórum báðar til Bandaríkjanna. Ég held ég sé nú ekki að ljúga því að ég þekki enga sem er jafn samviskusöm. Í bæði námi og starfi finnst mér sérstakur kostur að hún er jákvæð og fylgin sér. Hrein og bein en samt ekki aggressíf. Hún er einstaklega talnaglög og áráðin manneskja. Ef einhvern galla mætti finna þá væri hann sá að samviskusemin getur keyrt fram úr hófi og hún setur sjálfa sig í aftursætið.

María Björg Ágústsdóttir

yngru árum og það gaf henni færi á skólalíf þegar hún fór til New York. Hún lætur mjög vel af dvölinni þar: „Það er náttúrulega bara eins og atvinnumennska fyrir kvenmann að komast út á skólalíf og fá tækifæri til að læra í svona virtum skóla. Þannig að með náminu spilaði ég með fótbolta og var fyrirliði þess lengst af.“

Áður en Eva fór til New York spilaði hún fótbolta hér heima með Breiðabliki. Hún segist enn spila fótbolta af og til. „Annars hef ég

meira verið í að ganga, hlaupa og í jóga síðastliðin ár. Ég á það til að meiddast þegar ég spila fótbolta, eins og vill oft verða,“ segir hún.

Þá gekk hún yfir Fimmvörðuháls um helgina í góðra vina hópi. „Það var svolítið mikill snjór á þessari leið, mun meiri en við bjuggumst við,“ segir hún, en lætur annars vel af göngunni. Eva skellti sér til New York áður en hún byrjaði hjá Advania og var þar í rúma viku og heimsótti vini og ættingja þar.

jonhakon@frettabladid.is



SPILAÐI FÓTBOLTA Eva Sóley spilaði knattspyrnu þegar hún var yngri, en í dag hleypur hún, gengur og stundar jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



AMAZON Netverslunin hóf að selja mat með sendingarþjónustu árið 2013. Nú herma heimildir, sem þó hafa ekki verið staðfestar, að opnuð verði lúguverslun. NORDICPHOTOS/GETTY

Netverslunin Amazon er sögð leita leiða til að auka umsvif í matvöru:

Amazon íhugar að opna lúguverslanir

Amazon er með hugmyndir um hvernig breyta má verslunarhegðun fólks. Fyrirtækið, sem sérhæfir sig í verslun á netinu, er nefnilega að þróa lúguverslunarfyrirkomulag (e. drive-up store) í Kaliforníu. Þetta kemur fram í Silicon Valley Business Journal. Með þessu fyrirkomulagi gætu neytendur keypt matvöru á netinu og svo sótt hana á tiltekinn stað. Ef af þessu verður þá er það ekki einungis ný leið fyrir Amazon til þess að dreifa vörum heldur væri Amazon komið á nýtt svið í verslunarrekstri. Það er í matvöruna.

Á vef bandaríska viðskiptamansins Fortune segir þó að ómöglegt sé að segja til um hvort þessar fyrirætlanir verði að veruleika og bent er á að í október á síðasta ári kom fram að Amazon hygð-

ist opna verslun í október á síðasta ári áður en stærstu hátíðirnar, þakkargjörðarhátíðin og jólin, myndu skella á. Sú verslun var hins vegar aldrei opnuð.

Fortune segir að það sé mikið rúm fyrir netverslun í matvöru, þótt markaðssetning á slíkum verslunum hafi gengið illa hingað til. Rannsóknarfyrirtækið Nielsen gerði könnun þar sem fram kom að helmingur svarenda, hvarvetna í heiminum, væri reiðubúinn til þess að versla meira á netinu. Aftur á móti fer einungis eitt prósent af því fjármagni sem neytendur kaupa fyrir í að kaupa mat á netinu. Amazon hóf verslun með matvörur í Los Angeles um mitt ár 2013 og er sú þjónusta enn þá veitt. Það fyrirkomulag felur í sér að fólk pantar vörurnar á netinu og fær þær sendar heim. -jhh

Áfram hrynnur gengi hlutabréfa í Kína

Hrun á gengi bréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár. Áfram hélt gengi bréfa svo að lækka í gær. Kínverskir ráðamenn funda á næstu dögum um ástandið.

Hrun á gengi hlutabréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár, eða frá í febrúar 2007. Gengið hélt svo áfram að lækka í gær. Wall Street Journal segir að hundruð milljarða dollara hafi hreinlega þurrkast út. Efasemdir séu um aðgerðir stjórnvalda í Kína til þess að virkja markaðinn.

Sjanghaf-úrvalsvisitalan, þar sem stærstu fyrirtæki í Kína eru skráð, féll um 8,5 prósent á mánudaginn og var mesta fallið síðustu tvo klukkutímuna sem viðskipti fóru fram. Visitalan lækkaði svo aftur um 1,7 prósent daginn eftir. Shenzhen-visitalan féll um sjö prósent og hefur fallið um 31 prósent frá því að hún náði hámarki um miðbik júnímánaðar. Visitalan lækkaði svo um 2,2 prósent í gær.

Mikil lækkun hefur verið á hlutabréfum í Kína í sumar. CNN segir að fyrstu merki um vandræði hafi birst í júní, eftir miklar hækkanir á tólf mánaða tímabili þar áður. CNN segir að hlutabréfaverðið hafi þá lækkað hratt en stjórnvöld gripu til ráðstafana til að skapa ró á mörkuðum.

Talsmenn kínverskra stjórnvalda sögðu á mánudagskvöld að ríkissjóður myndi auka kaup á bréfum á hlutabréfamarkaðnum. Þannig myndi kínverska ríkið sinna þeim skyldum sem það hefði til þess að skapa stöðugleika á markaðnum.

Wall Street Journal segir aftur á móti að lækkunin á mánudag bendi til þess að fjárfestar hafi ekki trú



SVEIFLUR Kínverskir fjárfestar fylgdust áhyggjufullir með þróun hlutabréfamarkaðarins á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

á markaðnum eða getu stjórnvalda til að stýra honum.

Wall Street Journal segir að hlutabréfamarkaðir í Kína flökti mikið og ríkisafskipti af markaðnum hafi stundum endað með því að mikið framboð hafi skapast og markaðurinn verið í ládeyðu í langan tíma.

Hæst settu embættismenn í Kína munu næstu dagana hittast í bænum Bedaihe þar sem þeir munu meðal annars ræða til hvaða ráða þeir geti gripið til þess að stuðla að jafnvægi á hlutabréfamarkaðnum og koma í veg fyrir að vandamálin á mörkuðum smitist yfir á önnur svið í hagkerfinu.

8,5%

lækkun varð á Sjanghai-visitölunni á mánudaginn og lækkaði hún áfram í gær.

Málið er stjórnvöldum mjög hugleikið því þau vilja að hlutabréfamarkaðir séu raunhæf leið fyrir fyrirtækin til þess að safna fjármagni. Þau geti þannig dregið úr þörf sinni fyrir lánsfé frá ríkisreknum bönkum.

jonhakon@frettabladid.is

Mikilvægt að fólk sé meðvitað um hvert skattgreiðslur renna:

Í átt að gagnsærra skattkerfi

Þegar upplýsingar um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga voru birtar í síðustu viku kom fram að 277 milljarðar voru greiddir í tekjuskatt. Þar af runnu 159 milljarðar í útsvar til sveitarfélaga en 118 milljarðar í ríkissjóð. Sveitarfélögin fá þannig 57 prósent af tekjuskatti einstaklinga en ríkissjóður fær 43 prósent.

Vef-Þjóðviljinn, sem nokkrir frjálslyndir áhugamenn um stjórnámál hafa haldið úti um árabil, minnti í vikunni á gamalt baráttumál sitt þess efnis að þessi skipting skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga yrði gerð aug- sýnilegri fyrir almenning. Í pistli á vefnum er rífuð upp tíu ára gömul greinargerð þessa efnis. Tilefni greinargerðarinnar var á sínum tíma ekki síst það að ríkisstjórnin hafði unnið að því að lækka tekjuskatt á meðan útsvar í mörgum sveitarfélögum var hækkað. Og Vef-Þjóðviljinn var reyndar ekki eini áhugasami aðilinn um þetta efni. Geir Haarde, fyrrverandi fjármálaráðherra, var einnig áhugasamur um að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði auðkennd á launaseðlum. Af einhverjum ástæðum kom þó aldrei til þess að það yrði gert.

Það er óumdeilt og ríkir almenn sátt um að bæði ríki og sveitarfélög þurfa tekjur til að standa ströum af nauðsynlegum opinberum rekstri. Á vissum sviðum, eins og til dæmis í heilbrigðiskerfinu er jafnvel krafa um meiri opinbera uppbyggingu. Til að mynda sést þetta mjög vel á ríkri kröfu almennings um að hér verði byggt upp öflugra og betra þjóðarsjúkrahús sem áfram verði mannað færur starfsmönnum. Sveitarfélög standa líka að mikilvægum rekstri, svo sem þjónustu við fatlaða og rekstri leik- og grunnskóla. Tekjurnar fyrir þessum verkefnum munu aldrei koma öðruvísi en með skattgreiðslu frá borgurunum.

Markaðshornið
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Núna væri eftirsóknarvert að Bjarni tæki áskorun Vef-Þjóðviljans, léti um leið gamlan draum forvera síns, Geirs Haarde, rætast og beitti sér fyrir því að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði birt.

ar fyrir þessum verkefnum munu aldrei koma öðruvísi en með skattgreiðslu frá borgurunum. Og vegna þess hve mikilvæg verkefni hins opinbera eru, er einmitt svo nauðsynlegt að gegnsæið í opinberum rekstri sé hvað mest. Það er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir hvernig opinberum fjármunum er ráðstafað. En það er líka nauðsynlegt að það liggi sem allra skýrast fyrir hvernig fjármunanna er aflað og hversu mikilla. Þess vegna er það eðlileg krafa að skattgreiðendur séu hvað best meðvitaðir um það hvert þeir greiða skatta og opinber gjöld. Og þetta gegnsæi mætti vissulega auka með því að gera slíkar upplýsingar tiltækar á launaseðlum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, hefur fylgt eftir þeim markmiðum forvera sinna á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins að vinna að gagnsæjum og skýrum skattkerfum. Að þessu hefur verið unnið með markvissum hætti allt frá því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins tók við fyrir rúmum tveimur árum. Núna væri eftirsóknarvert að Bjarni tæki áskorun Vef-Þjóðviljans, léti um leið gamlan draum forvera síns, Geirs Haarde, rætast, og beitti sér fyrir því að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði birt.

Obama varð fyrstur til að ávarpa Afríkubandalagið



ÁVARPAÐI AFRÍKUBANDALAGIÐ Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, flutti ræðu í höfuðstöðvum Afríkubandalagsins í Addis Ababa í gær. Hann sagði að það væri tími til kominn fyrir allan heiminn að breyta viðhorfi sínu gagnvart Afríku. Obama er fyrsti forseti Bandaríkjanna sem ávarpar Afríkubandalagið. NORDICPHOTOS/AFP

Krísustjórnun sambandsslita og atvinnumissis



Vinsæll forstjóri í stóru íslensku fyrirtæki var hrókur alls fagnaðar. Hann mátti á tímabili sjá alls staðar, á ráðstefnum, fundum, frumsýningum og á vinsælustu veitingastöðum borgarinnar. Þegar hann var skyndilega rekinn sem forstjóri þá hvarf hann hins vegar gersamlega sjónum. Af hverju fannst honum hann þurfa að fara í felur? Gerði það persónulega krísu hans, að hafa misst fína forstjórastólinn, kannski enn verri að bregðast þannig við? Sendi það þau skilaboð að hann væri bugaður og brotinn?

Fólk sem hættir í ástarsambandi í dag gerir það yfirleitt að sínu fyrsta verki að þurrka út allar myndir á Facebook þar sem fyrrverandi makinn sést. Telst það kannski krísustjórnun? Sambandsslit uppfylla vissulega mörg sömu skilyrðin og krísur fyrirtækja og stofnana. Það verður mikið rask á daglegum heimilisrekstri, fjárhagurinn skaðast, samskipti við vini og fjölskyldu fara í uppnám, andleg líðan fólks versnar en um leið verður það að peppa sig upp í að sinna fjölmörgum verkefnum sem krísunni fylgja og loks þarf að gera drög að því að laða til sín nýjan maka/viðskiptavini. Nýlega einhleypir fara í ræktina, fyrirtæki taka upp nýtt nafn, atvinnulausir fara í nám.

Yfirmanni ríkisstofnunar var bolað úr starfi. Væri hann þegar

kominn með nýtt embætti í dag ef hann hefði tekist á við breytta hagi sína með prinsippum krísustjórnunar? Ef hann hefði gengist við sínum hlut og ef hann hefði forðast að mála sig upp sem fórnarlamb í málinu. Það er stórhættulegt fyrir fólk í slíkri stöðu að næra biturð í garð náungans.

Í starfi mínu hjá Góðum samskiptum hittum við reglulega fólk skömmu eftir að krísan dýnur yfir. Fyrstu viðbrögð fólks eru gjarnan reiði, því næst afneitun og lömun. Fólk langar helst að skrifa inn í skel. Afneitunin birtist í frösnum eins og: „Les einhver þennan fjölmiðil hvort sem er?“, „Þetta verður gleymt á morgun“ og „Af hverju gera þau ekki fréttir um samkeppnisaðila minn, hann er miklu verri!“ Til að komast í gegnum áfallið þá gera þau lítið úr krísunni og efast um að hún hafi nokkur langtímaáhrif.

Það gæti ekki verið fjær sannleikanum. Þvert á móti þá berum við krísurnar eins og ör á sálinni. Þegar maður hittir fólk sem hefur lent í kastljósi fjölmiðla vegna krísu þá er það yfirleitt enn að vinna úr storminum, jafnvel mörgum árum og áratugum síðar.

Kunningi minn rakst á einn reynslumesta flugstjóra Malaysian Airlines á flugvelli skömmu eftir að flugvél félagsins var skotin niður yfir Úkraínu en það var önnur vélin sem flugfélagið tapaði með manni og mús á nokkurra mánaða tímabili. Hann spurði um líðan hans. Svárið var: „Við vorum lítið flugfélag, eiginlega eins og fjölskylda, ég þekkti alla áhafnarmeðlimi sem voru um borð í vélinni sem var skotin niður,

ALLA!“ Svo fór hann að gráta. Þessi flugstjóri er kominn í leyfi, eins og flestir aðrir sem unnið höfðu hjá Malaysian lengi. Ólíklegt er að flest þau fljúgi nokkurn tíma á ný sem áhafnarmeðlimir. Þegar er búið að endurnýja flestar áhafnirnar og verið er að breyta um nafn á flugfélaginu.

Krísur hafa víðtækar afleiðingar og það eru einmitt oft eftirköstin sem eru vanmetin af stjórnendum fyrirtækja. Flest stór fyrirtæki eru þó með áætlun tilbúna ef upp koma krísur og æfa hana jafnvel reglulega. Þau vita sem er að orðspor sem byggt er upp á löngum tíma getur tapast á svipstundu. Samfélagsmiðlar breiða hratt út slæmar frétnir. Fjölmiðlar endurbirta fréttir annarra og það gerir ekki aðeins ördukt að leiðrétta rangar upplýsingar, heldur geta þær orðið grundvöllur þess hvernig fréttamfjöllun þróast. Tíminn sem þú hefur til að ná stjórn á frétt er núorðið nær enginn.

Sá sem þetta skrifar hefur nokkrum sinnum verið rekinn. Við höfum líka flest upplifað sorgina sem fylgir sambandsslitum, þegar sú framtíð sem virtist bíða okkar hverfur eins og dögur fyrir sólu.

Hvort sem það er skilnaður, brottrekstur eða eitthvert af öðrum algengum áföllum sem við verðum fyrir á lífsleiðinni þá geta rétt viðbrögð skipt miklu um áhrifin sem þau hafa á okkur, bæði til langs og skamms tíma. Rétt viðbrögð í öllum þessum aðstæðum eru að horfast í augu við staðreyndir, líta í eigin barm, veita umhverfinu nauðsynlegar upplýsingar, leita sér aðstoðar og gera betur næst.

Einkarekstur er ekki einkavæðing

Hin hliðin

Hulda Bjarnadóttir
framkvæmdastýra Félagskvænna í atvinnulífni



Einkarekstur og einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar hafa verið talsvert í umræðunni og sumir telja þetta vera það sama. En einkarekstri má ekki rugla saman við einkavæðingu. Það er langur vegur á milli þessara hugtaka og þróunin yfir í aukinn einkarekstur mun ekki þýða að ríkið hætti að sjá okkur fyrir grunþjónustu sem allir skattgreiðendur hafa rétt á og vilja fá. Það að heilbrigðiskerfið sé rekið með stöðþjónustu og aðstoð einkafyrirtækja er einfaldlega aðferð til að tryggja hagkvæmari og fjölbreyttari þjónustu, með minni tilkostnaði. Ríkið mun að lokum alltaf sinna því allra nauðsynlegasta. Það gerir skattgreiðandinn einfaldlega kröfu um.

Kerfi er ekki bygging

Og talandi um það. Hver segir að spítalþjónusta sé bygging sem ríkið á og rekur? Er ekki einmitt nauðsynlegt að huga áfram að leiðum sem geta nýst sjúklingum og aðstandendum hvað best. Teljum við okkur hafa efni á því að stækka yfirbygginguna eða viljum við vera opin fyrir nýjum og hagkvæmari leiðum þar sem ríkið greiðir minna, sinnir skyldum sínum og sjúklingurinn greiðir sama verð þar sem þjónustan er þegin. Hinn endinn á þörf fyrir þjónustu er einmitt biðlistarnar sem verða til við takmörkun fjármagns og aðstöðuleysi af hálfu ríkisins. Af hverju ætti ríkið þjóð á borð við okkar að sætta sig við biðlista yfirhöfuð? Er það bara að verða venjan frekar

en undantekningin? Og að sumir hafi ekki aðgengi að heimilislækni. Þannig er staðan á Íslandi í dag.

Stýrt þjónustustig ríkisins

Það er þó segin saga að þegar kemur að því að ræða einkarekstur verður fókusinn oftar en ekki á hagnað og laun þeirra sem sinna þjónustunni utan þeirrar byggingar sem kallast ríkisspítali. Það er þó löngu vitað að mörgum þjónustubáttum er hægt að sinna utan spítalans, með minni tilkostnaði. Ríkið á og getur með ýmsu móti stýrt þjónustustigi til þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda. Án þess að það fari allt í gegnum eina gátt sem kallast spítali. Við erum eftirbátar Norðurlandabjóða

sem nýta sér einkarekstur margfalt meira en við.

Og jú, vissulega geta einhverjir hagnast á því að vera með fyrirtæki í einkarekstri þar sem ríkið er einn stærsti viðskiptavinurinn. En á bak við fjölbreyttari þjónustu eru oftast framtaksamir og duglegir einstaklingar sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu og oft á tíðum að leggja allt sitt undir. Og það þýðir að sama skapi að áhætta viðkomandi er töluverð – allt getur farið á versta veg. Það setur þrýsting á rekstraráðilann að veita framúrskarandi þjónustu svo að viðskiptavinurinn snúi aftur. Samkeppnin býr þannig til umhverfi sem hvetur alla til dáða og þeir sem hagnast mest eru sjúklingarnir.



MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION

Taktu þátt í bíóleik Fréttablaðsins

Það eina sem þú þarft að gera til að taka þátt í laufléttum bíóleik Fréttablaðsins er að senda okkur tölvupóst á leikur@frettabladid.is með nafni, kennitölu, símanúmeri og netfangi.

Glæsilegir vinningar í boði

1. Dróni
2. Armbandsúr með myndavél
3. Miðar á Mission: Impossible – Rogue Nation

Dregið verður 4. ágúst



Allt sem þú þarft ...

11% FJÖLGUN

Mest fjölgun í byggingastarfsemi

Nýskráningum einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði hefur fjölgað um 11% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 2.173 ný félög skráð á tímabilinu, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mest er fjölgun nýskráninga í flokknum Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, 48% á síðustu 12 mánuðum. Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði hafa dregist saman um 12% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 744 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á tímabilinu.

24.07.2015 Til þess að búa til bíómynd á Íslandi þarftu eiginlega að vera spilafíkill líka. Þú þarft að leggja allt undir. Karlmenntu eru oft hégómagjarnari en konur og eru þess vegna tilbúnir að taka meiri áhættu. Þetta er sama ástæða og fyrir því að menn endast ekki í bransanum, því upp úr fimmtugu minnkar testosterónið í líkamnum og þessi áhættusækni.

Baltasar Kormákur kvikmyndagerðarmaður.



0,7% VÖXTUR

Hagvöxtur 10 fjórðunga í röð

Hagvöxtur í Bretlandi á öðrum fjórðungi ársins nam 0,7%, samkvæmt tölum Hagstofunnar þar í landi. Á fjórðungnum á undan nam hagvöxturinn 0,4%. Aðal-hagfræðingur Hagstofunnar segir að hagkerfið sé í eðlilegu ástandi á öðrum fjórðungi eftir slaka á þeim fyrsta. Hagvöxtur hefur nú verið í landinu í tíu fjórðunga í röð.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Blikur á lofti í Kína

FORVITNILEGT hefur verið að fylgjast með skjálfta á fjármála-mörkuðum í Kína. Á mánudag féll hlutabréfavisitalan í Shanghai um 8 prósent sem og flestar aðrar kínverskar vísitölur, í annað skipti á einum mánuði. Síðast féll virði bréfanna 3 trilljónir bandaríkjadala (já, þrjár trilljónir) á einum degi.

MARGIR hafa spáð því að efnahags-hamfarir væru tryggar í Kína. Einkennin eru mörgum sem fylgdust með viðskiptum á árunum fyrir 2008 kunnugleg: gríðarleg skuldsetning fólks og fyrirtækja, ótrúlegar hækkningar á fasteignamarkaði, mikið lánsfé til fjárfestinga á lausu o.s.frv. Hagvöxtur hefur verið um og yfir 10% árum saman.

AÐRIR hafa komið kínversku efnahagslífi til varnar. Segja æ fleiri hafi unnið sig úr fátækt til bjargálma millistéttar, hagvöxturinn sé sjálfbær og haldi áfram. Það sé nú af einum og hálfum milljarði að taka. Lunginn af því fólki berjist enn fyrir bættum lífskjörum.

KÍNA hefur árum saman verið framleiðsluland og séð Evrópu og Bandaríkjunum fyrir varningi á áður óþekktu verði. Það er ekki lengur svo að „made in China“ teljist skammaryrði, heldur hefur orðið til gríðarleg framleiðsluþekking í landinu. Vestræn fyrirtæki hafa því verið reiðubúin að sjá í gegnum fingur sér með mannréttindabrot, til að fá gæðavöru á góðu verði.

SLÍKT á auðvitað ekki að líðast og nauðsynlegt að neytendur taki afstöðu gegn fyrirtækjum sem verða uppvís að slíku. Kínverjar sjálfir vita þetta og hafa gert átak í réttindamálum verkamanna. En betur má ef duga skal.

ÞAÐ er ófugsnúð, en átakið veldur því að blikur eru á lofti í kínversku efnahagslífi. Meðallaun og aðstæður verkamanna hafa batnað, svo framleiðsluverð hækkar. Kínverskar verkmiðjur taka greiðslu í bandaríkjadöllum. Sterk staða dalsins veldur svo frekari verðhækkunum gagnvart þeim sem gera upp í öðrum gjaldmiðlum.

ÞAÐ hefur dregið saman með framleiðsluverði í Kína og annars staðar. Með því að framleiða nær heimahögum geta fyrirtæki sparað flutningskostnað og stýtt afhendingartíma með tilheyrandi hagræði fyrir fjárstreymið. Framleiðslufyrirtæki snúa því í auknum mæli baki við Kína.

ENN að hlutabréfamarkaðnum. Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráðstafana, m.a. bannað sölu á tilteknum bréfum og bannað tilteknum aðilum að selja. Viðbrögð sem ekki myndu líðast í þroskuðu lýðræðisríki. Þú breytir ekki reglunum í miðjum leik.

VONANDI bera stjórnvöld gæfu til að stíga varlega til jarðar og halda sig að mestu til hlés. Fjárfestar vilja ekki taka þátt á markaði þar sem stjórnvöld hafa alltaf úrslitaáhrif.

Miklu meira en bara ódýrt

- Hjólkoppar 12/13/14/15/16" frá 795
- Hjólafestingar 2Hj, 3Hj frá 4.995
- Pakbogar frá 14.995
- 12V Loftdælur 30-35L 8.995
- Ljósabretti á kerru frá 7.995
- Starttöskur 12V frá 9.999
- Framlengingarsnúður og kefli 3M, 5M, 10M, 15M, 20M, 25M, 40M frá 395
- Vasaljós & luktir 30+ gerðir frá 395
- Hleðslutæki 12V 1.995
- Bensínbrúsi 20L
- Tjaldstæðatengill
- Vatnsbrúsi m/án krana 10L/20L
- iPhone hleðslu-snúður frá 495
- Strekkiþönd og farangursteygjur, frábært úrval frá 395
- Kerru/Fellihýsalás frá 2.895
- Jack snúður
- 12V->230V Straumbreytir frá 5.995
- 12V Fjöltengi frá 595

Ennþá meira úrval af listavörum

- van Gogh** AMSTERDAM **ÖSKA** **van Gogh** *dream - create*
- Pökkum frábærar viðtökur á Van Gogh olíulitunum og Amsterdam akrýllitunum, sem seldust nánast upp.**
- Ný sending með fullt af nýjungum komin í sölu.
- Kolibri** trönur í miklu úrvali, gæðaværa á góðu verði
- Strigar, ótal stærðir frá 295
- Ný sending af Kolibri penslum** Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði
- Pekjulitir/Föndurlitir frá 845

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17